

Fundargerð Atvinnu- ferðamála- og menningarnefndar 05.03.2012

Mættir eru: Karen, Hrafngerður, Stefán og Þórir

1. Erindi frá Sóley Vífilsdóttur.

Sóley óskar eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna fyrirhugaðra ljósmyndasýninga í sumar, en hún stefnir jafnframt á að gefa sveitarfélaginu bók með myndunum. Nefndin leggur til að verkefnið verði styrkt um kr. 50.000

2. Umfjöllun um Káta daga 2012.

Þar sem starf ferðamála- og menningarfulltrúa Langanesbyggðar hefur verið lagt niður tók nefndin þetta málefni til umfjöllunar og óskar eftir stefnu sveitarstjórnar í þessu máli. Jafnframt leggur nefndin til að sveitarfélagið kosti starfsmann við undirbúning hátíðarinnar og framkvæmd, hátíðin hefur hingað til staðið undir sér rekstrarlega séð, þannig að hér er aðeins um að ræða kostnað við laun. Við teljum að undirbúningsvinna fyrir framkvæmdastjóra hátíðarinnar sé að lágmarki 6 vikur (m.v. fullt starf) en sú vinna dreifist frá janúar – júlí. Þessi tímarammi miðast við að framkvæmdastjóri fái góða nefnd til starfa með sér.

Nefndin telur ekki raunhæft að ætlast til þess að öll vinna í kringum hátíðina fari aftur í gamla horfið og verði eingöngu sjálfboðavinna.

Einnig var sú hugmynd rædd að halda Káta daga annað hvert ár hér eftir á móti jólamarkaðnum sem hefur verið að festa sig í sessi um miðjan nóvember. Þessi hugmynd hefur reyndar ekki verið rædd við jólamarkaðsnefndina enn sem komið er.

3. AFM óskar eftir stefnu sveitarfélagsins í ferða- og menningarmálum almennt og óskar eftir upplýsingum um hvert erindum og verkefnum er nú vísað til úrvinnslu. Nefndinni þykir miður að þessum málum skuli nú ekki vera sinnt nægjanlega vel.

Fleira ekki gert.